

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 23. mars 2026

Mál nr. S-542/2025:

Ákærvaldið

(Íris Edda Heimisdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Hafþór Fjaljar Kristinsson

(Snorri Sturluson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 23. febrúar sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á Suðurlandi þann 27. október 2025, á hendur Hafþóri Fjalari Kristinssyni, [...],

„fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, fimmtudaginn 24. apríl 2025, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti ævilangt og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist amfetamín 64 ng/ml) um Gagnheiði á Selfossi, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 318-2025-005810

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.“

Ákærði neitar sök. Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa.

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu voru lögreglumenn nr. N2485 og H1853 við almennt eftirlit við hringtorg að Fossheiði 1 þann 24. apríl 2025 þegar þeir tóku eftir bifreiðinni [...] þar sem henni var ekið vestur Fossheiði. Hafi þeir tekið ákvörðun um að athuga með ástand og réttindi ökumanns bifreiðarinnar, en henni hafi verið ekið næst

suður Gagnheiði og síðar inn á bílaplan á bak við Eyraveg 33. Þar hafi ökumaður stigið út um ökumannsdyr á bifreiðinni, klæddur í áberandi rauða hettupeysu og í dökkar buxur. Ökumaðurinn hafi reynst vera ákærði, en hann hafi að fyrra bragði tjáð lögreglumönnum að hann hafi ekki verið ökumaður bifreiðarinnar, heldur hafi ökumaður bifreiðarinnar hlaupið á brott. Aðspurður hafi ákærði upplýst lögreglumennina um að hann hefði, fyrr sama kvöld, fengið sér tvo bjóra og „tvær línur“. Hafi ákærði þá verið færður inn í lögreglubifreið. Aðspurður um ökuskírteini hafi ákærði kveðist vera sviptur ökuréttindum, en hann hafi tilgreint bróður kærustu sinnar sem eiganda bifreiðarinnar [...].

Ákærði hafi verið fenginn til að blása í rör á áfengismæli, sem hafi sýnt niðurstöðuna 0,23 prómill kl. 03:50. Munnvatnssýni hafi sýnt jákvæða niðurstöðu fyrir AMP (amfetamíni) og COC (kókaíni). Var ákærði handtekinn kl. 04:02 vegna gruns um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Þá hafi ákærða verið kunngjört um réttarstöðu sína sem sakbornings og hann fluttur á lögreglustöðina á Selfossi, þar sem hjúkrunarfræðingur hafi dregið úr honum blóð kl. 04:23 og hann látinn laus um fimm mínútum síðar.

Í málinu liggur fyrir matsgerð rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 4. júní 2025, en niðurstaða matsgerðarinnar er sú að í blóði ákærða hafi mælst 64 ng/ml af amfetamíni.

Framburður ákærða og vitna við aðalmeðferð

Ákærði kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Hann kvaðst hafa farið út með vitninu A að heiman frá sér, en hann taldi að þeir hefðu verið að fara til Þorlákshafnar. Þar hafi hann ætlað að hitta nafngreindan félagasinn sem hefði verið á „einhverju djammi líka“. Hann hafi ekki ekið bifreiðinni í umrætt sinn, heldur hafi A verið undir stýri og ákærði sjálfur setið í fremra farþegasæti bifreiðarinnar. Þegar þeir hafi nálgast Crossfit stöðina hafi A tekið eftir lögreglunni við hringtorgið. Hafi hann þá gefið í og lagt bílnum við gaflinn eða fyrir aftan Crossfit stöðina. Í kjölfarið hafi A stokkið út úr bílnum og hlaupið í burtu. Sjálfur hafi ákærði fyrst orðið var við lögregluna þegar A gaf í. Aðspurður hvers vegna hann hafi í samtali við lögreglu á vettvangi sagst ekki vita hver hafi verið undir stýri í umrætt sinn kvaðst hann ekki hafa viljað „skvíla“. Sú afstaða hafi tekið breytingum eftir samtal ákærða við verjanda sinn. Þá kvaðst hann „ekki þannig“ hafa rætt atvikið við A, en þeir hafi bara heyrst vegna þess nýverið. Þeir séu góðir vinir og hafi þekkt í

fjöldamörg ár. Hann hafi ekki beðið A um að gefa sig fram við lögreglu vegna atviksins fyrr en nú. Kvaðst hann ekki vita hvert A hafi farið þegar hann hljóp í burtu frá bifreiðinni og gat ekki lýst í hvaða átt hann hafi hlaupið, en hann viti ekki hvar A hafi búið á þessum tíma, þótt hann teldi það hafa verið á heimili [...]. Aðspurður um ástæðu þess að A hafi hlaupið í burtu af vettvangi kvaðst ákærði telja að A hafi verið „eitthvað smeykur“, enda hafi hann verið próflaus og ekki viljað lenda í lögreglunni. Þá sé frásögn lögreglumanna frá vettvangi röng. A hafi skilið hurðina við ökumannssætið eftir opna. Ákærði hafi labbað þar að og lokað hurðinni, en þá hafi hann séð lögregluna aka inn á planið. Aðspurður kvað hann bifreiðina hafa verið í eigu sonar kærustu sinnar, en A hafi ekið bifreiðinni þar sem hann sjálfur vildi ekki keyra.

Nánar aðspurður lýsti ákærði því að kærasta ákærða, B, hafi haft bifreiðina að láni frá [...] C. Hún hafi því haft umráð bifreiðarinnar. Ákærði hafi verið undir áhrifum og ekki viljað keyra. B hafi í rauninni lánað A bifreiðina og hún hafi rétt A lyklana að bifreiðinni þegar þeir hafi verið heima hjá ákærða þar sem hann hafi búið tímabundið í innréttuðum bílskúr á þessum tíma, en ákærði gat þó ekki sagt til um það heimilisfang. B hafi komið á bifreiðinni til ákærða. A hafi verið með ákærða þegar þeir hafi lagt af stað frá þáverandi dvalarstað ákærða. A hafi verið með ákærða heima hjá ákærða. A hafi verið með ákærða á heimilinu í einhvern tíma. Nánar aðspurður kvað ákærði að A hafi dvalið með ákærða á heimili ákærða í marga klukkutíma, á að giska frá því um kvöldmat. B hafi komið þangað á undan A og verið með þeim þarna um kvöldið. B hafi verið á staðnum þegar A kom og hún hafi orðið eftir í hinum innréttaða bílskúr þegar ákærði og A hafi farið þaðan. Þeir hafi spurt B hvort það væri ekki í lagi að þeir myndu skjótast á bílnum ef ákærði myndi ekki keyra og hún hafi fallist á það og rétt A bíllykilinn.

Lögreglumaður nr. N2485 kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Þeir lögreglumaður nr. H1853 hafi verið við reglubundið eftirlit á næturvakt á Selfossi þegar þeir urðu varir við umrædda bifreið. Þeir hafi verið staddir við hringtorg hjá Árvirkjanum og Hamborgarabúllu Tómasar þegar þeir hafi séð bílinn. Bifreiðin hafi beygt til vinstri frá sér séð í átt að Crossfit stöðinni og svo til hægri á bak við stöðina og aftur til hægri þar inn á bílplan, en þeir hafi elt bifreiðina þangað. Um sé að ræða u.þ.b. 250 til 300 metra kafla. Þeir hafi séð inn í bílinn allan tímann, en vitnið hafi aðeins séð einn aðila í bifreiðinni. Enginn annar hafi verið í bifreiðinni. Þeir hafi ekki verið búnir að ákveða að stöðva bifreiðina þannig að þeir hefðu ekki verið búnir að kveikja á forgangsljósum lögreglubifreiðarinnar. Á bílplaninu hafi þeir svo stöðvað, en þar hafi þeir séð ákærða

stíga út úr bifreiðinni úr öikumannssæti hennar, klæddan rauðri peysu. Aðspurður um hvort bifreiðin hefði aukið hraðann þegar eftirför hófst taldi vitnið að honum hefði þótt aksturslagið flóttalegt. Hann taldi að ákærði hefði orðið var við lögreglu í hringtorginu, enda hafi aksturinn orðið öðruvísi þá, eða flóttalegri. Þeir hafi aldrei misst sjónar af bifreiðinni. Um sé að ræða stórt bílaplan þar sem vitnið hefði haft góða yfirsýn, auk þess sem enginn annar hefði verið á ferli. Aðspurður um ástand og háttalag ákærða umrætt sinn kvað hann ákærða hafa verið sjáanlega undir áhrifum einhverra vímuefna, en hann hafi verið sljór í tali og hreyfingar hans á munni verið „öðruvísi“. Þá hafi framburður ákærða verið „í lagi“ en ekki nægilega greinargóður. Á vettvangi hafi ákærði blásið í áfengismæli og upplýst lögreglumennina um að hann hafi fyrr um kvöldið fengið sér tvo bjóra og „tvær línur“. Ákærði hafi síðar gengist undir fíkniefnapróf og það hafi mælt í honum nægilegt magn vímuefna til þess að hann væri handtekinn á vettvangi. Afgreiðsla málsins hafi verið hefðbundin. Aðspurður taldi hann ansi hæpið að einhver annar hafi getað yfirgefið bifreiðina og hlaupið á brott. Það hafi ekki verið rannsakað frekar, enda hafi þeir talið málið borðleggjandi. Vitnið kvaðst þá hafa ritað frumskýrslu vegna málsins og skýrði frá því að um misritun í skýrslu væri að ræða, þ.e. að ákærði hefði ekið austur Fossheiði, en ekki vestur þá götu líkt og í frumskýrslu greini.

Lögreglumaður nr. H1853 kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Þeir lögreglumaður nr. N2485 hafi verið á næturvakt við almennt umferðareftirlit þegar þeir hafi séð bifreið aka eftir Eyravegi á Selfossi, við hringtorg við Gagnheiði. Sjálfir hafi þeir verið að keyra í áttina að miðbænum, en ákærði hafi komið til móts við þá. Hann hafi fyrst orðið var við ljósin á bílnum rétt áður en hann kom í hringtorgið og þá byrjað að fylgjast með honum. Ákærði hafi þá tekið snögga vinstri beygju og svo út að Fossheiði, en vitnið taldi að ökumaður bifreiðarinnar hefði orðið var við lögreglu þegar hann hafi tekið umrædda beygju í hringtorginu. Þá hefði bifreiðin aukið hraðann. Þeir hafi ákveðið að kanna ástand ökumanns bifreiðarinnar og elt bifreiðina þar til þeir komu á bílaplan fyrir aftan Crossfit stöðina á Selfossi. Þá hafi ökumaðurinn verið kominn fyrir utan bifreiðina. Ákærði hafi verið fenginn yfir í lögreglubifreiðina þar sem hann blés í áfengismæli og tekið var af honum Drager fíkniefnapróf.

Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa gefið því gaum hvort fleiri aðilar en einn hefði verið inni í bifreiðinni. Þeir hafi ekki misst sjónar á bifreiðinni á neinum tímupunkti. Aðspurður hvort hann hefði séð hver hefði stigið út frá öikumannssæti bifreiðarinnar kvað vitnið það hafa verið ákærði. Hann hafi verið klæddur rauðri peysu og dökkum buxum.

Enginn annar hafi verið með honum í bifreiðinni. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna hvort bifreiðin hafi verið í gangi þegar þeir höfðu afskipti af ákærða. Ákærði hafi verið þvoglumæltur og óstöðugur til fóta á vettvangi. Hann hafi gengist við að hafa drukkið áfengi og neytt vímuefna fyrr um kvöldið, en framburður hans á vettvangi hafi verið út og suður framan af. Eftir að í lögreglubifreið var komið hafi framburður ákærða þó orðið stöðugri. Afgreiðsla málsins hafi verið hefðbundin. Aðspurður um vettvanginn kvað vitnið sig hafa haft góða yfirsýn yfir svæðið. Um sé að ræða þokkalega stórt bílaplan, en enginn hafi verið þar á ferli og fáir aðrir bílar á planinu. Hann taldi ekki mögulegt að einhver annar hefði ekið bifreiðinni umrætt sinn. Ekki hefði verið rannsakað frekar hvort einhver annar hefði ekið bifreiðinni, en ekki hafi verið talin ástæða til þess þar sem þeir hefðu séð ákærða stíga út úr ökumannssæti bifreiðarinnar. Vitnið hefði hvorki séð nokkurn annan á vettvangi né heyrt einhvern hlaupa í burtu.

Vitnið A kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Kvaðst hann hafa verið að aka með ákærða frá heimili hans á leið til Þorlákshafnar í heimsókn til þriðja aðila þegar hann hafi séð lögregluna. Hafi hann þá brunað og lagt bílnum. Hann hafi ekki verið viss hvort það væri dóp í bílnum, þannig að hann hafi hlaupið á brott í átt að Eyravegi. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa verið með bílpróf á þessum tíma. Hann hafi ekki vitað hver ætti bifreiðina, en hann taldi að lyklarnir að henni hafi verið í bílnum. Hann hafi ákveðið sjálfur að hann myndi keyra, þar sem hann væri ekki á sakaskrá og að hann vildi ekki að ákærði, sem vinur sinn, væri að keyra fullur. Það hafi verið náttúruleg viðbrögð hjá honum að hlaupa í burtu af vettvangi og skilja ákærða eftir þar. Hann hafi hlaupið yfir Eyraveg, hlaupið mikið og lengi, hent dópinu og svo falið sig um stund nálægt ánni. Hann hafi verið fastur á Selfossi heillengi og varið löngum tíma í að reyna að fá einhvern til að sækja sig. Aðspurður um hvers vegna hann hafi ekki gefið sig fram við lögreglu fyrr kvaðst vitnið hafa verið með örlítið dóp á sér og hafi ekki viljað láta „taka sig“. Aðspurður um hvernig hann hefði komist á Selfoss kvaðst vitnið hafa fengið far hjá nafngreindum vini sínum. Þá taldi hann framburð lögreglumanna á vettvangi „rosa spes“ þar sem hann hafi gætt að því að leggja bílnum þar sem lögreglumennirnir hefðu ekki séð til hans, en hafi lögreglumennirnir ekki misst sjónar á bílnum allan tímann hefðu þeir átt að sjá hann hlaupa í burtu og elt hann. Hann taldi sig ekki hafa lokað hurðinni á eftir sér þegar hann hljóp í burtu.

Nánar aðspurður um aðdraganda þessa kvaðst vitnið hafa komið úr bænum og kíkt á ákærða þar sem hann hafi búið á þessum tíma. Hann hafi bara komið létt inn til

ákærða, en nánar skýrði vitnið að það hafi bara verið „mjög stutt sko“. Ekki hafi verið neinir aðrir þarna sem vitnið hafi orðið var við, enda hafi vitnið bara komið inn í anddyrið og ekki neitt inn í íbúðina sjálfa. Kvaðst ekki muna hvort þetta hafi verið raðhús eða hvað, en sennilega verið bílskúr við raðhús eða eitthvað þannig. Kvaðst ekki hafa hitt neinn annan en ákærða þarna, enda bara komið inn í anddyrið og stoppað bara í nokkrar mínútur, í mesta lagi kannski 15 – 20 mínútur. Kvaðst ekki vita hver hafi átt bílinn og kvaðst ekki vita hver hafi verið umráðamaður bílsins. Aðspurður hvernig vitnið hafi fengið lykla að bílnum kvaðst vitnið halda að lyklarnir hafi bara verið í bílnum. Nánar aðspurður lýsti vitnið því að lyklarnir hafi bara verið einhvers staðar í bílnum, sennilega í hliðarhólfi. Vitnið hafi bara ákveðið sjálfur að keyra og hafi sagt það við ákærða. Kvaðst ekki vita hvernig það hafi komið til að ákærði væri með bílinn.

Forsendur og niðurstaða

Í málinu er ákærða gefið að sök umferðarlagabrot með því að hafa þann 24. apríl 2025 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og undir áhrifum vímuefna. Hefur ákærði frá upphafi neitað sök og vísað til þess að annar maður hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn. Það var þó ekki fyrir en líða fór að aðalmeðferð máls þessa fyrir dómi sem ákærði benti á vitnið A sem ökumann bifreiðarinnar umrætt kvöld. Hefur ákærði gefið á því þær skýringar að hann hafi ekki viljað koma vini sínum í vandræði með því að segja til hans. Þykir frásögn ákærða heldur ótrúverðug, einkum með hliðsjón af framburði vitnisins A fyrir dómi, en komið verður að því síðar.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu misstu lögreglumenn nr. N2485 og H1853 aldrei sjónar af bifreiðinni [...] frá því að henni var ekið um Gagnheiði og þar til ákærði mun hafa stigið út um ökumannsdyr bifreiðarinnar á bílplani við Eyraveg 33. Er þar jafnframt sérstaklega tilgreint að enginn annar aðili hafi komið út úr bifreiðinni í umrætt sinn. Téðir lögreglumenn mættu fyrir dóminn og gáfu vitnaskýrslu vegna málsins. Bar þeim saman um atvik í öllum meginráttum og var framburður þeirra beggja í samræmi við það sem fram kemur í frumskýrslu lögreglu. Framburður lögreglumanna fyrir dómi er trúverðugur, en það er ekkert fram komið sem er til þess fallið að draga úr sönnunargildi framburðar þeirra. Við mat á framangreindu verður ekki talið hafa þýðingu þótt vart hafi orðið við misritun í frumskýrslu lögreglu er lýtur að úr hvaða átt ökumaður bifreiðarinnar kom akandi.

Við mat á framburði vitnisins A er til þess að líta að hann er góður vinur ákærða til fjölda ára, en líkt og að framan greinir tilgreindi ákærði hann fyrst sem ökuþing bifreiðarinnar umrætt kvöld skömmu fyrir aðalmeðferð málsins. Vitnið greindi frá því fyrir dómi að hann hafi ákveðið af sjálfsdáðum að aka bifreiðinni umrætt kvöld til að hlífa vini sínum, ákærða, frá mögulegum afskiptum lögreglu, en þegar á hólminn var komið hafi hann orðið hræddur, hlaupist á brott og skilið ákærða eftir. Aðspurður um hvert vitnið hafi hlaupið kvaðst hann hafa hlaupið mikið og lengi og að endingu falið sig til lengri tíma „hjá ánni“. Þar hafi hann varið löngum tíma í að reyna að fá einhvern til að sækja sig, en vitnið var búsett í Reykjavík í þessum tíma. Þykir framangreind frásögn vitnisins með nokkrum ólíkindum. Þá er óhjákvæmilegt að líta til þess að verulegt ósamræmi er milli framburðar þessa vitnis og framburðar ákærða um aðdraganda þess að vitnið hafi tekið að sér að aka bifreiðinni þetta sinn. Framburður þessa vitnis er afar ótrúverðugur og ber augljós merki ósanninda. Verður ekki á honum byggt við úrlausn máls þessa.

Að framangreindu virtu verður ekki véfengt með skynsamlegum rökum að ákærði hafi verið ökuþing bifreiðarinnar umrætt sinn. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eitrefnafræði verður lagt til grundvallar að amfetamín magn í blóði ákærða hafi numið 64 ng/ml og hann hafi því verið óhæfur til aksturs bifreiðarinnar í umrætt sinn. Telst því sannað að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem í ákæru greinir og eru þau réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í janúar [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 23. febrúar 2026, á ákærði nokkurn sakarferil að baki sem nær aftur til ársins 1997. Ákærði hefur þrívægis gengist undir greiðslu lögreglustjórásátta vegna umferðarlagabrota frá árinu 2006, tvisvar sinnum vegna aksturs undir áhrifum vímuefna og einu sinni vegna aksturs sviptur ökurétti. Þá hefur ákærði hlotið fimm refsídóma frá árinu 2012 þar sem honum hefur verið gerð refsing vegna framangreindra umferðarlagabrota, nú síðast með dómi Landsréttar frá 17. desember 2021, en ákærði lauk afplánun þess dóms þann 20. desember 2024. Ber þess sérstaklega að geta að með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 2012 var ákærða gert að sæta fangelsi í 2 ár og 6 mánuði, m.a. vegna aksturs undir áhrifum vímuefna og aksturs sviptur ökurétti. Þann 31. mars 2026 var honum veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingarinnar, en sú reynslulausn var tvívægis dæmd upp, þ.e. annars vegar með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. nóvember 2016 og hins vegar með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 17. janúar 2018. Lauk afplánun framangreinds

dóms frá 2. desember 2014 því ekki fyrr en 14. nóvember 2020. Að öðru leyti hefur sakarferill ákærða ekki þýðingu við úrlausn máls þessa.

Í samræmi við framangreint verður við ákvörðun refsingar í máli þessu lagt til grundvallar að ákærði hafi nú í sjötta sinn, eftir að hann varð fullra 18 ára og innan ítrekunartíma í skilningi 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, gerst sekur um akstur undir áhrifum vímuefna, en í sjöunda sinn gerst sekur um akstur sviptur ökurétti.

Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls, dómvenju og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi. Með vísan til sakarferils ákærða og fastmótaðrar dómvenju á sviði umferðarlagabrota þykir ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er ævilöng svipting ökuréttar ákærða áréttuð.

Samkvæmt 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, en útlagður kostnaður við rannsókn málsins var 148.478 krónur sem ákærða ber að greiða auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, sem eru 400.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Hafþór Fjalar Kristinsson, sæti fangelsi í 9 mánuði.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

Ákærði greiði sakarkostnað alls 548.478 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, sem eru 400.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigurður G. Gíslason